

Mál nr. 37/2008

M og Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar

Tjón á fasteign af völdum myglusvepps í september 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.03. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.03. 2008, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki sé hægt að telja að upptök tjóns séu innan veggja hússins. Leiða megi að því líkum að myglusveppur hafi verið að myndast á löngum tíma og að orsakavaldurinn sé ekki meintur leki úr lögnum hússins heldur grunnvatn sbr. nánar umfjöllun félagsins í nefndu bréfi, dags. 10.10. 2007. Félagið telur orsakir tjónsins ósannaðar. Orsök tjónsins sé “uppsöfnun utanaðkomandi jarðvegsvatns”. Samkvæmt vátryggingaskilmálum félagsins bætir vátryggingin ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns svo sem grunnvatns sbr. nánar grein 19.2. M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi. Hann vísar til þess að húsið sé óíbúðarhæft sökum, myglusvepps, sem hann telur sig vátryggðan gegn sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Þeirri afstöðu vátryggingafélagsins um að rekja megi tjónið til uppsafnaðs utanaðkomandi jarðvegsvatns hefur ekki verið hnekk.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.